

EFTIRLITSSKÝRSLA

CARBON RECYCLING INTERNATIONAL

| | | | |
|---------------------|---|--|--|
| Dagsetning | 15.12.2011 | Fulltrúar UST | Kristján Geirsson Bergþóra H. Skúladóttir |
| Fyrirtæki | Carbon Recycling International | Starfsleyfi gildir til | 1. febrúar 2018 |
| Heimilisfang | Svartsengi, Grindavíkurbær | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 530306-0540 | Fulltrúar fyrirtækis | Andri Ottesen Ómar Sigurbjörnsson Gunnar Þórðarson |
| Isat nr. | | Staðsetning starfstöðvar (hnit) | |
| Starfsemi | Myndun metanóls úr koldíoxíði, vetnisframleiðsla | | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík frá starfsleyfi komu fram við eftirlit. Auk þess eru gerðar 6 athugasemdir við starfsemina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið yfir einstök ákvæði í starfsleyfi: Þar sem um er að ræða nýja verksmiðju og nýtt starfsleyfi var ítarlega farið yfir starfsemina, öll ákvæði starfsleyfis og skyldur rekstraraðila um tilkynningar, mælingar, skráningar og mengunarvarnir. Þá var farið yfir skyldur rekstraraðila í tengslum við undanþágu frá ákvæðum í starfsleyfi um brennara á aflofti.

Áhættumat og viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.3 liggja fyrir en unnið er að uppfærslu á hvoru tveggja. Ábyrgðartrygging fyrir allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Farið yfir ákvæði REACH-reglugerðarinnar um skráningu, mat og leyfisveitingar efna:

Forskráning/skráning: CRI hefur forskráð metanól til Efnastofnunar Evrópu og gat lagt fram skjal því til staðfestingar. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila kaupir CRI engin efni frá löndum utan EES og þarf því ekki að skrá önnur efni. Afhent var blað úr áhættu- og viðbragðsáætlun með lista yfir varasöm efni á vinnusvæðinu.

Upplýsingar í aðfangakeðju: Skoðuð voru tvö öryggisblöð, fyrir metanól og kalíumhýdroxíð, og voru þau dagsett, í 18 liðum og á íslensku. Ekki eru gerðar athugasemdir við öryggisblöðin. Skoðuð var mappa með öryggisblöðum sem er aðgengileg starfsfólki.

Flokkun og merking: Rekstraraðilum var bent á að þar sem CRI er framleiðandi á metanóli þarf fyrirtækið að skila inn upplýsingum flokkun og merkingum á metanóli til Efnastofnunar Evrópu skv. nýrri flokkunar- og merkingarreglugerð, CLP (sjá nánar á heimasíðu Umhverfisstofnunar).

Eftirlitsferð um starfssvæðið: Farið var um starfssvæðið og kannaður umbúnaður, frágangur og tilhögun mengunarvarna og efnisgeymslna.

Rekstraraðili var upplýstur um að eftirlitsskýrslur verða birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig var farið yfir skyldur til færslu græns bókhalds og útstreymisbókhalds. Rætt um vöktunarmælingar.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Áætlun um frágang. Samkvæmt gr. 1.5 bar rekstraraðila að skila til Umhverfisstofnunar áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis. Starfsleyfið tók gildi 29. janúar 2010 og því var síðasti skiladagur skv. starfsleyfi 29. janúar 2011. Engin áætlun hefur borist stofnuninni.

Frávik frá grein 1.5.

Frávik 2:

Meðhöndlun alkóhóls í frárennsli: Samkvæmt grein 2.8 skal rekstraraðili gera bráðabirgðaráðstafanir til hreinsunar á frárennsli þar til endanleg hönnun á hreinsun liggur fyrir. Fram kom í eftirliti að engar slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar.

Frávik frá grein 2.8.

Athugasemd 1:

Samkvæmt gr. 2.1 skal vinnsla og geymsla metanóls vera í vökvaheldum þróm. Á starfssvæði CRI fer geymsla metanóls fram í tvöföldum geymi og telst hann uppfylla kröfu starfsleyfis. Metanóli er síðan dælt á hleðsluvagn á afgreiðsluplani. Í eftirliti var hleðsluvagn skoðaður og var ekki betur séð en að hann uppfyllti kröfur sem til slíks eru settar. Slíkir vagnar falla ekki undir ákvæði starfsleyfis og Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þessa tilhögun meðan einn vagn er á planinu.

Athugasemd 2:

Við yfirferð yfir ákvæði starfsleyfis var óskað eftir upplýsingum um olíuskiljur, sbr. ákvæði gr. 2.7 í starfsleyfi. Fulltrúar rekstraraðila gátu ekki vísað á olíuskilju né vissu þeir til að olíuskilja væri tengd við fráveitu, t.d. frá pressuhúsi. Í kjölfar eftirlits barst Umhverfisstofnun staðfesting á að frárennsli frá pressuhúsi væri leitt í olíuskilju en ekki var aðstaða til að kanna umbúnað hennar.

Athugasemd 3:

Samkvæmt gr. 3.3 skal halda rekstrarhandbók þar sem reglulega eru skráðar upplýsingar um atriði er m.a. varða mengunarvarnir. Í eftirliti voru sýndar skráningar í stjórnstöð en bæta þarf utanumhald og formfestu skráningar. Gæta þarf að skráningum og aðgengi fyrir eftirlitsaðila.

Athugasemd 4:

Í húsum, s.s. við vetnisframleiðslu, pressu o.fl. eru flórar sem eru hannaðir til þess að taka við efnum sem geta lekið af tækjum eða úr framleiðslu og flórnir hafa afrennsli í lokaða þró. Hins vegar er frágangur á flórum einungis til bráðabirgða og huga þarf betur að lokunum út úr húsum svo að þeir gegni hlutverki sínu.

Athugasemd 5:

Í eftirliti sáuðst óvarðir opnir pokar með natríumhydroxíði. Gefin er ábending um að bæta geymslu efna og tryggja umbúnað svo ekki hljóttist mengunaráhapp af.

Athugasemd 6:

Eftirlitsaðilar benda á skv. REACH þarf að útbúa s.k. efnaöryggisskýrslu fyrir metanól en slíkt á við ef meira en 10 tonn á ári er framleitt eða flutt inn frá löndum utan EES og skulu viðeigandi váhrifasviðsmyndir fylgja í viðauka við öryggisblaðið (sjá nánar á heimasíðu Umhverfisstofnunar)

Önnur atriði:

Með tölvupósti dags. 21. október 2011 tilkynnti CRI um að framleiðsla hæfist þann 15. nóvember 2011 og miðast upphaf rekstrartíma, sbr. ákvæði 6.2, við þann tímapunkt. Í kjölfar eftirlits barst Umhverfisstofnun tilkynning, dags. 15. desember 2011, um stöðvum framleiðslu.

Samkvæmt gr. 2.3 og ákvæðum í undanþágu frá starfsleyfi skal innan 4 mánaða frá upphafi framleiðslu mæla VOC í útblæstri og styrk efna í affalli frá verksmiðjunni, eða eigi síðar en 15. mars 2012.

Reykjavík, 31/1/2012

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.